





Gjaldeyrismarkaðurinn í nóvember


Helstu punktar:

- Verð á evru lækkaði um 0,7% í nóvember en bandaríkjadalur hækkaði um 3,4% og sterlingspundið um 1,1%. Gengisvísitalan hækkaði um 0,6%. Evran er búinn að lækka nokkuð jafnt seinustu tólf mánuði og kostar evran nú um 14 krónur minna en fyrir ári síðan.
- Heildarveltan á millibankamarkaði með gjaldeyri í mánuðinum nam 21,8 milljarði króna sem er 43% minni velta en í október. Alls var veltan í nóvember 72% minni en þegar hún náði hámarki á ágúst mánuði.
- Ólíkt fyrri mánuðum dreifðist veltan nokkuð jafnt yfir mánuðinn og áttu a.m.k. ein viðskipti sér stað á millibankamarkaði hvern virkan dag.
- Gjaldeyrissöfnun Seðlabankans hélt áfram en alls keypti Seðlabankinn 72 m.evra (jafnvirði 21,0 ma.kr.) í nóvember mánuði sem samsvarar 46% af veltu mánaðarins. Nettókaup bankans frá byrjun árs 2011 nema 2,5 milljörðum evra.
- Raungengið lækkaði um 1,0% milli mánaða í nóvember. Það er þó enn 8,7% hærra en fyrir ári síðan.
- Á fyrstu níu mánuðum ársins mældist 81 ma. kr. afgangur af viðskiptum við útlönd í samanburði við 40 ma. kr. afgang á sama tímabili í fyrra. Þar vegur þyngst að afgangur af þjónustuviðskiptum jókst um 44 ma.kr. milli ára.
- Samkvæmt mati Seðlabankans var hrein staða við útlönd, að frátöldum innlánastofnunum í slitameðferð, jákvæð um 22 ma.kr. í lok þriðja ársfjórðungs í samanburði við 84 ma.kr. í lok annars ársfjórðungs.
- Samkvæmt bráðabirgðatölum var 800 milljón króna afgangur af vöruskiptum við útlönd í nóvember.






Veltan var nokkuð jöfn yfir mánuðinn.




Heimild: Seðlabanki Íslands

Veltan á markaði dróst saman þriðja mánuði í röð.




Heimild: Seðlabanki Íslands

Sí keypti 75 milljón evra í nóvember, og eru nettókaup komin upp í 2,5 milljarð evra síðan byrjun árs 2011




Heimild: Seðlabanki Íslands

Raugengi íslensku krónunnar lækkaði um 1,0% milli mánaða í nóvember.




Heimild: Seðlabanki Íslands

Á fyrstu níu mánuðum ársins mældist 81 ma.kr. afgangur af viðskiptum við útlönd.



Heimild: Seðlabanki Íslands


Afgangur af þjónustuviðskiptum jókst um 44 ma.kr. miðað við sama tímabil 2014.



Heimild: Seðlabanki Íslands




Hreins staða við útlönd í lok F3 lækkaði um 62 ma.kr., aðallega vegna gengis og verðbreytinga.



Hrein staða við útlönd án innlánastofnana í slitameðferð.
Heimild: Seðlabanki Íslands

Samkvæmt bráðabirgðatölum var 800 m.kr. afgangur af vöruskiptum við útlönd í október



Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar